

## REGLUGERÐ

um (11.) breytingu á reglugerð nr. 507/2020 um gildistöku framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1793 um tímabundna aukningu á opinberu eftirliti og neyðarráðstafanir sem gilda um komu tiltekinna vara frá tilteknum þriðju löndum.

### 1. gr.

Við 1. gr. reglugerðarinnar bætist nýr töluliður, 11. tölul., svohljóðandi:

11. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/3153 frá 18. desember 2024 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1793 um tímabundna aukningu á opinberu eftirliti og neyðarráðstafanir sem gilda um komu tiltekinna vara frá tilteknum þriðju löndum inn í Sambandið og framkvæmd reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 og (EB) nr. 178/2002.

### 2. gr.

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1662 er birt á ensku í C-deild Stjórnartíðinda, sem fylgiskjal við auglýsingu nr. 2/2025.

### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum um matvæli, nr. 93/1995, lögum um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, nr. 22/1994, og lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, nr. 25/1993.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Matvælaráðuneytinu, 2. janúar 2025.*

**Hanna Katrín Friðriksson**  
atvinnuvegaráðherra.

*Svava Pétursdóttir.*